

Alþingi
Erindi nr. P 138/2820
komudagur 15.6.2010



Alþingi Íslendinga
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík

FÉLAGS- OG
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík
sími: 545 8100 bréfasími: 552 4804
postur@fel.stjr.is
www.felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík 14. júní 2010
Tilv.: FEL10050064/0005

Efni: Umsögn varðandi 77. mál um afnám laga um orlof húsmæðra

Með tölvupósti nefndasviðs Alþingis, dags. 19. maí sl., var þess óskað að félags- og tryggingamálaráðuneytið veitti umsögn um fyrirbyggjandi þingmannafrumvarp til laga um afnám laga um orlof húsmæðra, nr. 53/1972, með síðari breytingum.

Lög um orlof húsmæðra, nr. 53/1972, með síðari breytingum, falla undir verkefnasvið félags- og tryggingamálaráðuneytisins. Meginatriði laganna er að sérhver kona, sem veitir eða hefur veitt heimili forstöðu, án launagreiðslu fyrir það starf, á rétt á að sækja um orlof. Þegar valið er úr umsóknum skulu orlofsnefndir hafa til hliðsjónar barnafjölda, aldur barna og aðrar félagslegar aðstæður kvennanna. Æskilegt er að orlofsdvöl sé ekki skemmri en 7–10 dagar. Verði orlofsdvöl ekki við komið er heimilt að nota orlofsfé sem veitt er samkvæmt þessum lögum til ferðalags fyrir húsmæður (6. gr.). Orlofsnefndir geta leitað fyrirgreiðslu hjá félagsmálaráðuneytinu, menntamálaráðuneytinu og öðrum hlutaðeigandi aðilum um afnot skóla eða annarra opinberra bygginga til orlofsdvalar (10. gr.). Orlofsnefndum er heimilt að nota allt að 20% af framlagi sveitarfélaga til að greiða kostnað vegna barna orlofskvenna á barnaheimili eða annars staðar, meðan á orlofsdvöl stendur. Konur sem eiga tvö börn eða fleiri innan sjö ára aldurs skulu að jafnaði sitja fyrir um þessar greiðslur (7. gr.).

Til að standa straum af kostnaði við orlofsdvöl skal sveitarsjóður leggja árlega fram fjárhæð fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins (5. gr.). Sé árlegt framlag sveitarfélaga til orlofsnefnda uppreiknað í samræmi við 5. gr. laga um orlof húsmæðra, nr. 53/1972, verður fjárhæðin 88,17 kr. fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins vegna ársins 2010. Miðað er við hækkun á vísitölu neysluverðs (með húsnæði). Peningunum er fyrst og fremst varið til niðurgreiðslu á ferðum fyrir húsmæður. Skilyrðið er að umsækjandi veiti eða hafi veitt heimili forstöðu án launagreiðslu. Orlofsnefndum er heimilt að láta orlofsþega greiða allt að 15% af beinum kostnaði orlofsdvalar, ef þörf krefur.

Afstaða félags- og tryggingamálaráðuneytisins

Eingöngu konur njóta orlofsréttar samkvæmt lögnum. Að álitum ráðuneytisins eru lög um orlof húsmæðra í andstöðu við viðurkennd viðhorf um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sbr. lög nr. 10/2008. Í bréfi Jafnréttisstofu til Vestmannaeyjabæjar, dags. 2. febrúar 2007, sem vísað er til í greinargerð frumvarpsins, segir meðal annars að Jafnréttisstofa telji líkur vera á því að umrædd lög

teldust vera brot á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Jafnréttisstofa benti einnig á að lögín eru frá þeim tíma er staða kvenna á vinnumarkaði var mun verri en hún er í dag, og stór hluti kvenna starfaði fyrst og fremst á heimilum, sérstaklega í sveitum landsins, án þess að um launagreiðslur væri að ræða.

Jafnframt stangast húsmæðraorlofið á við ríkjandi sjónarmið um að karlar og konur eigi að bera jafna ábyrgð á heimilisstörfum og ákvæði hjúskaparlaga, nr. 31/1993, sem meðal annars kveða á um að hjón séu í hvívetna jafnréttá í hjúskap sínum og bera jafnar skyldur hvort gagnvart öðru og börnum sínum. Hjón eiga í sameiningu að annast uppeldi barna sinna, sjá þeim farborða og hjálpast að við að framfæra fjölskylduna með fjárframlögum, vinnu á heimili og á annan hátt. Hjón skulu skipta milli sín verkefnum á heimili eftir föngum, svo og útgjöldum vegna heimilisrekstrar og framfærslu fjölskyldu. Það er því ljóst að fyrirkomulag húsmæðraorlofs fari í bága við meginreglur hjúskaparlaga.

Lögín um orlof húsmæðra höfðu mikilvægu hlutverki að gegna hér áður fyrr, en samfélag okkar hefur mikið breyst á nærri 40 árum, m.a. vinna mjög margar konur í dag utan heimilis. Fyrirkomulag orlofsdvalar hefur einnig breyst. Áður voru ferðirnar kærkomin hvíld fyrir oft og tíðum efnalitlar konur. Um var að ræða skipulagða dvöl innanlands, yfirleitt með gistingu á heimavistarskólum. Í seinni tíð hafa ferðirnar víða þróast í ferðir til erlendra stórborga. Kostnaðarhlutfall þátttakenda í slíkum ferðum er almennt langt umfram þau 15% af beinum kostnaði sem kveðið er á um í lögnum.


Nokkur sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélög hafa óskað eftir því undanfarin ár að lögín yrðu felld úr gildi eða a.m.k. yrði afnumið skylduákvæði um að sveitarfélög greiði orlofsnefndum fasta krónutölu samkvæmt íbúafjölda. Sveitarfélög sem hafa sent ráðuneytinu erindi hin síðari ár og óskað endurskoðunar eða afnám laga um orlof húsmæðra eru t.d. Reykjavíkurborg, Garðabær, Mosfellsbær, Hveragerðisbær og Akraneskaupstaður auk Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Ráðuneytið dregur ekki í efa að orlofsnefndirnar hafi almennt reynt að nýta fjármagnið í samræmi við markmið laganna. Nú á tímum aðhalds og sparnaðar er rétt að skoða þetta fyrirkomulag þannig að skylduframlög sveitarfélaga til orlofs húsmæðra verði felld niður. Þá fjármuni sem þannig sparast hjá sveitarfélögunum gætu sveitarfélögin notað til dæmis til eflingar félagsþjónustu sveitarfélaga og í þjónustu við aldraða. Þó er ekkert sem mælir gegn því að sveitarfélög veiti fjármunum til orlofsdvalar sé vilji til þess innan sveitarfélagsins.


Vakin er athygli á að breyta þarf ákvæði til bráðabirgða í 1. maí 2011 (í stað 1. maí 2010). Jafnframt er bent á að líklega henti betur orlofsnefndunum tímamarkið 1. september 2011, þ.e. í lok sumars (í stað 1. maí).

Með vísan til alls framanritaðs styður félags- og tryggingamálaráðuneytið framlagt frumvarp um að lög um orlof húsmæðra, nr. 53/1972, með síðari breytingum, verði felld úr gildi.

Fyrir hönd ráðherra



Bolli Þór Bollason



Vilborg Ingefsdóttir